

69 að synjað verði konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi því, er hjer er um að ræða, og er 31. maí sú tillaga samþykkt af konungi hinn 22. p. m.

Jeg læt ekki hjá líða, að tjá yður þetta þjónustusamlega, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B.-deild Stjórnartíðindanna.

70 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja viðvíkjandi lögum um hunda- 31. maí skatt o. fl., 22. maí 1890. — Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum mínum hefur hans hátign konunginum hinn 22. p. m. allramildilegast þóknast að samþykkja frumvarp það til laga um hundaskatt og fleira, sem samþykkt var af síðasta alþingi.

Um leið og jeg tilkynni yður þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar, skal jeg, þar sem hreppaskilapíng að vori verða um garð gengin áður en lög þessi öðlast gildi, þjónustusamlega skora á yður þóknanlega að leiða athygli hlutaðeigandi yfirvalda að því, að þetta ár verði að nota þær skýrslur, sem gefnar hafa verið á hreppskilapíngum í vor samkvæmt tilsk. um hundahald á Íslandi 25. sept. 1869, (sbr. 1. og 3. gr. tilsk.), í staðinn fyrir framtal það, sem samkvæmt lögnum frá 22. p. m. á að framfara eptirleiðis á nefndum píngum ár hvert.

71 Brjef ráðgjans fyrir Ísland til landshöfðingja um breytingu á afborgun á 31. maí landsjóðsláni Lundarbrekkukirkju. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi dags. 16. nóv. f. á. sent mjer píngsályktun, samþykkt af báðum deildum alþingis 1889, um breytingu á afborgun á landsjóðsláni Lundarbrekku kirkju, þar sem skorað er á landsstjórnina að gefa tjedri kirkju kost á að skuld sú, sem kirkjan er í viðlagasjóðinn við árslok 1889, ávaxtist og endurborgist frá þeim tíma með 6% á ári í 28 ár, og hafið þjer jafnframt látið í ljósi, að hlutaðeigandi söfnuður hafi tekið við fjárhaldi kirkjunnar eptir að hún brann til kola árið 1878, er eigandinn sá sig eigi færan um að kosta endurbygging hennar af eigin rammleik, og hafi söfnuður þessi, sem því næst hafi látið endurreisa kirkjuna úr steini, sókt um, að skilmálunum fyrir láni því, er í nefndu skyni var veitt úr landssjóði 26. ág. 1879, að upphæð 2000 krónur, er endurborga átti og ávaxta með 6% á ári í 28 ár, verði breytt þannig, að eptirleiðis sje ekki greitt meira en 80—90 krónur á ári í rentur og afborgun, þar sem árstekjur kirkjunar að eins nemi 70—80 kr. og að söfnuðurinn þannig verði að leggja fram 40—50 kr. árlega. Ennfremur hafið þjer getið þess, að stíptsyfirvöldin hafi kröftugtlega mælt með þessari beiðni, og hafið þjer samkvæmt ályktun píngsins og með skírskotun til þess, að hlutaðeigandi fátæki söfnuður hefur lagt talsvert í sölurnar með því að taka að sjer fjárhald kirkjunnar, lagt það til, að Lundabrekkukirkju verði gefinn kostur á því, að útgefið verði nýtt skuldabryf fyrir láninu, þegar það, sem við lok f. á. nam 1631 kr. 43 aur., verður komið niður í 1600 kr. og vextir eru greiddir, með þeim skilmálum, að þessar eptirstöðvar lánsins greiðist og ávaxtist með 6% á ári í 28 ár.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum, að jeg fellst á framangreinda tillögu yðar.